

## Félagsforingjafundur 8. apríl 2024

Harpa stingur upp á JÞG sem fundstjóra.

JÞG stingur upp á Huldari Hlynssyni sem fundarritara.

### BOÐUN FUNDAR

Til fundarins var boðað með tölvupósti á póstlista félagsforingja kl 12:00 þann 8. apríl. Til fundarins boðar skátaþöfðingi fyrir hönd stjórnar BÍS.

Fundarstjóri hefur þær upplýsingar að tilefni og efni fundar sé að einhverju leiti þekkt félagsforingjum, en meðal annars hafi verið fjallað um efni fundarins á skátaþingi þann 5. apríl á fundi félagsforingja auk 6. apríl á aðalfundi.

Var það mat stjórnar að óskað sé ráðgefandi álits eða ályktunar frá félagsforingjafundi. Málið sé jafnframt aðkallandi þar sem fjölmargir foreldrar auk annarra í hreyfingunni þrýsta verulega á svör frá bandalagi skátafélaganna í landinu. Það sé hagsmunamat stjórnar að mikilvægt sé að svara foreldrum og öðrum í skátaþreyfingunni með hraði, en jafnframt faglega.

Fundarstjóri hefur fengið afrit af fundarboði. Lög BÍS tiltaka ekki lágmarkstíma fundarboðunar eða aðra skilmála fyrir fundarboði. Fundur félagsforingja er ráðgefandi og getur ekki skuldbundið stjórn Bandalagsins sem er löglega kosin milli aðalfunda til að stýra BÍS.

Mætt er fyrir hönd amk. X. Skátaféлага.

Fundarstjóri hyggst því hyggst lýsa fundinn löglegan ráðgefandi félagsforingjafund nema athugasemdir komi.

### Markmið fundar

Stjórn Bandalags hefur boðið til fundarins til að fá ráðgjöf, og helst ályktun fundarins vegna eftirfarandi málefna;

Hvort að sa kostnaður sem BÍS hefur bókfært sem kostnað vegna ferðar á alheimsmót skáta sé raunverulega kostnaður vegna ferðar á vegum BÍS á alheimsmót skáta.

Sérstaklega er óskað eftir því hvort launakostnaður starfsmanna BÍS sé vegna kostnaðar við ferðar BÍS á Alheimsmót skáta 2023.

Hvort að félagsforingjar telja að mismunur ferðakostnaðar og tekna af ferðinni, ef einhver sé, ætti að vera endurgreiddur til þátttakanda.

Ef svo er, hvort endurgreiða ætti hluta af mismuni ferðakostnaðar og tekna eða í heild sinni.

Ef endurgreiðsla er umfram svigrúm fjárhagsáætlunar BÍS, hvaða liði fjárhagsáætlunar félagsforingjar telja rétt að skera niður á móti.

Það væri því vel þegið að fundarmenn hafi það í huga að í lok fundar myndi stjórna vilja skilja vilja félaganna hvað ofangreint varðar.

### Dagskrá fundar lögð fyrir fundinn

Kynning á uppgjöri jamboree og kostnaðar  
Halldóra Ingileifsdóttir, fjármálastjóri BÍS

Verkefni viðbragðsteymis á meðan ferð stóð  
Ragnar Þór Þrastarson, framkvæmdastjóri BÍS

Verkefni og umfang sjálfboðaliðavinnu  
Harpa Ósk Valgeirs dóttir, skátahofdfingi

Heimildir til skuldbindinga úr sjóðum BÍS  
Sævar Skaptason, gjaldkeri BÍS

PÁSA 10 MÍN.

Fyrirspurnir og svör varðandi framsögur. Umræður félagsforingja.

Ályktanir fundarins

### Dagskrá hefst

Helgi Þór kom með dagskrábreytingartillögu þar sem beðið var um að leyfa fararstjórn Alheimsmóts að sitja fundinn.

Tillagan var felld af fundinum.

Helgi Þór kom þá með beiðni um hvort þau mættu koma inn með erindi á fundinn sem var samþykkt og Guðjón og Eva Íris komu inn á fundinn fyrir hönd fararstjórnar.

1. Guðjón, fararstjóri, með erindi.

Margt sem hann telur framsögu skátahofðingja ekki eiga við rök að styðjast en hann efast ekki um að starfsfólk hafi unnið ötult starf við að aðstoða hópinn á meðan þau voru úti.

Guðjón talaði um að það kom aldrei fram að þau væru að tala við two framkvæmdarstjóra á meðan þau væru úti og fararstjórn er ósátt við að þurfa að borga tveimur framkvæmdarstjórum. Einnig er hann ósáttur við að talað sé um neyðarástand í þrjár vikur. Samkvæmt fararstjórn lauk neyðarástand á degi fimm eða sex. Þau fengu aðstoð frá starfsmanni Bandalagsins, sú aðstoð var meðal annars að ganga frá bolum, panta merki, senda út einstaka tölvupósta og að þetta skuli vera 50% vinna í 8 mánuði sé svolítið sérstakt. Fararstjórn sá sjálf um öll mál í tengslum við heilsufarsupplýsingar, flug og fleira.

Þau eru ósátt við að einstaklingur sem ákvað á fyrsta degi að fara heim að það sé skráð sjúkraflug. Auk þess var eitt agabrot sem var sent heim. Fararstjórn gerði foreldrum mjög greint fyrir að ef þau ætluðu heim þau þyrftu þau að borga.

Þau segja að þau hafi fengið samþykkt frá fyrrverandi framkvæmdarstjóra og stjórn BÍS að ef afgangur yrði af ferðinni að þá fengu þáttakendur endurgreitt. Þetta var kynnt á nokkrum kynningarfundum þar sem stjórnarmeðlimir og fyrrverandi framkvæmdarstjóri sátu.

Fararstjórn er verulega ósátt.

## 2. Nákvæmt uppgjör Jamboree og kostnaður BÍS Halldóra Ingileifsdóttir fjármálastjóri BÍS

Halldóra kynnír uppgjörið og kostnað BÍS. Fjárhagsáætlun kemur frá fararstjórn. Halldóra bætti inn kostnaði vegna fellibyls og kostnað vegna þeirra barna sem fóru heim. Úrvinnsla er sálfræðikostnaður. Það bættist við kostnaður vegna skráninga í Sportabler, þar sem Sportabler gerir bara ráð fyrir 12 greiðslum en fararstjórn bauð upp á 15 greiðslur og því þurfti að handskrá allar skráningarnar.

Halldóra sagði frá að starfsfólk vann 653 tíma og þar af voru 413 tímar sem fóru í vinnu fyrir Alheimsmótið af fjármálastjóra, bókara og almennum starfmönnum fyrir utan starfsmann Skátamóta, framkvæmdastjóra og skátahöfðingja, sem var ekki gert ráð fyrir í upprunalegu plani.

Halldóra fór yfir þann kostnað vegna WSJ23 sem var ekki í uppgjöri. Halldóra fór yfir þann kostnað sem var ekki tekinn með í uppgjöri og það er 5.3 m launakostnaður sem BÍS tók á sig og er ekki hluti af uppgjöri. Halldóra vill líka ítreka það að það sé tímamismunur á mótinu og á Íslandi og því sú vinna sem var unnin var ekki unnin á dagvinnutíma.

Tekjur voru rukkaðar inn á Sportabler, fór inn á sér bankareikning og eru með sér lykil þannig það er alveg ljóst hvaða kostnaður var fyrir Alheimsmót.

Fararstjórar fengu frítt á Alheimsmótið.

Fundargestir báðu um útprentað eintak til að fara yfir uppgjörið sem var samþykkt.

## 3. Verkefni viðbragðsteymis á meðan ferð stóð Ragnar Þór Þrastarson framkvæmdastjóri BÍS

Ragnar fór yfir tímálínu viðbragðsteymis á meðan ferðinni stóð.

Stiklaði á stóru yfir þau verkefni sem voru framkvæmd frá 18. júlí 2023 og þangað til hópurinn lenti á Íslandi.

Ragnar fór sérstaklega yfir reikning vegna gistingar sem kom inn þar sem bókuð voru gistirými fyrir hópinn því BÍS vildi halda öllum hópnum saman þar sem mótið var að skipta upp hópum og senda á sitthvora staði. 90% af reikningum var felldur niður vegna kröfu framkvæmdastjóra með stuðningi diplómata og BÍS borgaði rest, þar sem það átti við rök að styðjast.

Væntingar eru að eftirmálar mótsins verða teknir fyrir á heimspingi WOSM í ágúst.

Ragnar talaði um að hefðbundinn vinnudagur fyrir fólkisem vann á Íslandi að aðstoða hópinn var frá 8 um morgun fram á kvöldmatarleytið og aftur á miðnætti fram um morgun. Þetta var í tvær vikur. Tíminn var nýttur til að melta upplýsingar og vera tilbúin þegar Suður Kórea fór af stað til að geta brugðist við þeim aðstæðum sem voru í gangi og tímamismunur á Íslandi og Suður Kóreu sem þurfti að taka tillit til.

Sett var stopp á að telja tíma starfmannna við vinnu að Alheimsmótinu í febrúar 2024.

#### 4. Verkefni og tímar sjálfboðaliða vegna ferðar      Harpa Ósk Valgeirs dóttir skátahöfðingi

Harpa kom í pontu og sagði frá því að við erum sjálfboðaliðahreyfing og erum heppin að eiga fólk sem tekur að sér svona verkefni. Hún skilar fararstjórn þökkum fyrir gífurlega góða vinnu og er þakklát fyrir að þau hafi öll komið heil heim.

Harpa kynnir sjálfboðavinnu viðbragðsteymis. Harpa var starfsmaður á þessum tíma og fékk borgað fyrir 8 tíma en vann þar að auki 8-10 tíma á dag í sjálfboðaliðavinnu. Til viðbótar við þá vinnu sem Ragnar talar um þá var hún í samskiptum við fararstjórn, við sveitarforingja og IST sem þurftu á aðstoð að halda, var í samskiptum við foreldra, fjölmiðla, stjórn bandalagsins, skátafélög, alþjóðafulltrúann okkar, stjórnir og skátahöfðingja annarra landa sem voru með önnur úrræði eins og læknispjónustu sem við gátum leitað til. Íhugað var oft hvort Harpa ætti að fara út því þegar á öllu er á botni hvolft þá ber BÍS ábyrgð á hópnum.

Hulda Sólrún sálfræðingur mætti með stjórni BÍS á flugvöllinn og ræddi við foreldra um áframhaldandi aðstoð ef þess þurfti. Guðrún Stefánsdóttir var líka í teymi til að aðstoða við að taka á móti þeim sem komu heim og að meta hvort þau þyrftu frekari aðstoð.

Harpa sagði frá að Hulda Sólrún er líklega með mest óreknuðu tímana í uppgjörinu. Hún er enn í dag að sinna samskiptum við þau börn sem hafa leitað eftir auknum stuðningi, og gerir hún það án þess að rukka krónu.

Við fengum inn fleira fólk til að aðstoða okkur, Hermann Sigurðsson, áfallastjórnun, Aðalsteinn Þorvaldsson, prestur, veitti ráðgjöf og við fengum inn aðstoð upplýsingafulltrúa til að aðstoða okkur við fjölmiðla.

#### 5. Heimilidir til skuldbindininga úr sjóðum BÍS      Sævar Skaptason gjaldkeri BÍS

Sævar kom upp í pontu og talaði um að stórt hlutverk stjórnar BÍS er að ná utan um fjármál hreyfingarinnar. Áhersla hefur verið lögð á að vinna með rauntölur og vinna með hluti eins og þeir eru í raunveruleikanum. BÍS ber ábyrgðina, og í dag er unnið allt öðruvísi í svona málum eins og var hér áður fyrr. Að greina sviðsmyndir og teikna upp mismunandi hluti er hluti af nútíma viðbrögðum og er það skylda þeirra sem bera ábyrgð að vera tilbúin með mismunandi sviðsmyndir þó svo að það verði ekki notað. Hann áréttáði að það er ekki heimild í okkar lögum að taka kostnað á okkur sem er ekki okkar. Sævar benti á að hann hafi ekki séð í neinum gögnum áætlunina um endurgreiðslur og að það hafi ekki verið skrifað niður neins staðar.

#### 6. Umræður

Jón Þór, fundarstjóri, spurði fundinn hvort að sá kostnaður BÍS, sem var kynntur af fjármálastjóra, hafi verið kostnaður BÍS vegna ferðar á Alheimsmótið, og þá sérstaklega hvort að launakostnaður BÍS sé að mati fundarmanna réttilega skráður kostnaður vegna mótið. Hvort að fundarmenn telji að hagnaði ætti að vera skipt niður á þátttakendur.

Helgi Þór spyr hvort fararstjórn megi sitja umræður. Þeim var ekki boðið á fundinn og fundurinn þarf því að samþykka þessa tillögu.

Fundurinn felldi þá tillögu:

Já:5

Sitja hjá: 1

Nei: 4

Fundurinn samþykkti að fararstjórn fengi að koma inn í smá stund til að svara fyrirspurnum. Fjórar spurningar til fararstjórna. Guðjón og Eva Íris svara fyrir hönd fararstjórna.

### Spurningar til fararstjórna:

Hraunbúar spryja:

- Stefna til að endurgreiða ef það yrði afgangur. Var stefna sett ef mótið kæmi út í mínum?
- Er kostnaður vegna fararstjórna sem fékk frítt, hvar lenti sú tala?
- Hefði kostnaður við ferðina verið meiri ef mótið hefði komið í mínum? Hefðu foreldrar verið rukkuð aukalega?
- Var kostnaður við fararstjóra innifalinn í þátttökugjaldi?

Fararstjórn svarar: Áætlunin var gerð rifleg til að þau væru með nægan pening svo að kostnaðurinn myndi ekki leggjast á BÍS. Kostnaður við fararstjóra var inn í fjárhagsáætlun, eins og var árið 2019.

Ægisbúar spryja:

- Af hverju er ekki gert ráð fyrir umsýslugjaldi til BÍS eins og hefðbundið er?

Svar fararstjórna: Það var gert ráð fyrir því í fyrrí fjárhagsáætlun sem stjórn BÍS samþykkti, það hefur láðst að hafa það inn í þessari fjárhagsáætlun sem Halldóra kynnti.

- Talað um á fundum við foreldrum að þessu yrði skilað, er eitthvað sem staðfestir það?

Svar fararstjórna: Það voru gerð samningsdrög þar sem þetta kemur fram en fararstjórn hefur ekki aðgang að tölvupóstinum sínum og geta því ekki staðfest það.

Garðbúar spryja:

- Er til fundarferð um endurgreiðslu ef það er einhver afgangur á mótinu og hvort að fyrrverandi framkvæmdarstjóri hafi upplýst núverandi framkvæmdarstjóra um málið?
- Er til fundargerð frá þessum foreldrafundi sem staðfestir endurgreiðslu?

- Finnst fararstjórn réttlátt að setja út á stjórn BÍS að þau fái greitt á meðan þau fengu frítt á mótið?

*Fundarstjóri bendir á að búið sé að svara fyrstu tveimur spurningunum í síðasta svari.*

Svar fararstjórnar: Sú vinna sem farastjórn vann á mótinu var 430 tímar, það þýðir svona 20-24 tímar á sólarhring. Þar fyrir utan var gríðarlega mikil vinna unnin og því finnst okkur það ekkert svakalegt að viðfáum frítt á mótið. Fararstjórn finnst óeðlilegt að rukka krakkana um laun sem var þegar búið að fá fyrir.

Vogabúar spryja:

- Skilst að fararstjórn geri fjárhagsáætlunina, var beðið um að þið (fararstjórn) gerðuð fjárhagsáætlunina eða bauðst ykkur sú þjónusta frá BÍS?

Svar fararstjórnar: BÍS bauðst ekki til að gera hana fyrir þau, þau beðin um að gera það sjálf. Eva Íris kemur að gerð seinni fjárhagsáætlunarinnar og skrifast á hana að umsýslugjaldið hafi ekki verið í seinni áætluninni.

- Hvað finnst ykkur um að þessi mál séu ekki í höndum ferðarskrifstofu sem hefur tilskyld leyfi til að breyta og bæta?

Fararstjórn telur þau ekki besta fólkið til að svara og beinir fyrirspurn til stjórnar.

Stjórn svarar: Upphaflega var leitað til ferðaskrifstofu sem gekk ekki upp og Eva María steig inn í og bjargaði því.

Heiðabúar spryja:

- Eigi þið afrit af fyrri fjárhagsáætlun?

Fararstjórn svarar: Já, Eva Íris telur að hún hafi fundið hana.

- Af hverju var fólk sent heim?

Jón Þór stígur inn í og bendir á persónuverndarög og biður um að þetta sé tekið fyrir á öðrum stað þegar það eru ekki svona margir viðstaddir þar sem þessi börn eru auðþekkjanleg.

Jón Þór bendir fundargestum á af hverju við erum að þessu, við erum að skapa þvílíkar minningar, broska einstaklinga og tengja skátana okkar við aðila út um allan heim. Jón Þór þakkar fararstjórn fyrir sín störf. Þau yfirgefa fundinn.

Umræður halda áfram.

Ægisbúar spryja:

Tryggvi frá Ægisbúum. Beint til Halldóru.

Tryggvi: Er inn í þessum tölu yfirvinna eða álag?

Halldóra: Já við gerðum ráð fyrir yfirvinnu þar sem vinnan var unnin um verslunarmannahelgi og um nætur. Halldóra fékk einnig nokkra yfirvinnutíma greidda vegna útkalla.

Tryggvi: Hver er umsýslukostnaður síðustu móta?

Halldóra: Það var gert ráð fyrir Jamboree í Póllandi 19.000 kr í umsýslugjald per þátttakanda.

Tryggvi: Vantar upplýsingar um aðstæður varðandi snemmbúnar heimferðir. Væri gott að fá einhverjar upplýsingar um það.

Harpa: Ástæðurnar voru ólíkar milli einstaklinga. Við höfum í höndunum sérfræðimat frá tveimur sérfræðingum varðandi ástæður og heimkomu. Miðað við okkar upplýsingar var ekki stætt að halda þessum einstaklingum á mótinu. Við gátum ekki gert upp á milli þessara fjögurra einstaklinga og sótt sum gjöldin og önnur ekki og töldum rétt að sækja hann ekki vegna aðstæðna.

Vogabúar spryja:

Helgi frá Vogabúum: Mér þykir erfitt að setja í hendur sjálfboðaliða áætlun upp á margar milljónir. Hvað getum við lært af þessu?

Halldóra: Er sammála því sem Helgi segir og hún hefur átt samtal við stjórn BÍS um gerð fjárhagsáætlunar þar sem þetta er stórt verkefni og þarf að vanda valið. En stjórn BÍS þarf að taka endanlega ákvörðun.

Harpa: Stjórn deilir þessari skoðun og það er verklag í vinnslu um fjármálastjórnun viðburða og ferða á vegum BÍS og þau vilja að Halldóra stýri þessu öllu saman og að sjálfboðaliðar fái ramma til að vinna eftir í umsjón Halldóru.

Helgi spyr: Hyggst BÍS fara þá leið í framtíðinni að leita til ferðaskrifstofu þó að það sé auka kostnaður?

Sævar: Það skiptir sköpum að hafa vana fararstjóra. Sævar ætlar að kanna hvernig tryggingasjóður ferðaskrifstofa virkar, búið að herða lög og reglur mikið. Stjórn BÍS er að vinna mikið að því að herða ramman í kringum fjármál viðburða og ferða, fararstjórnir skiptir mestu máli.

Heiðabúar spryja:

Katrín spryr: Á öllum fundum voru þau beðin um að skoða ferðatryggingarnar sínar, af hverju kemur ekki ferðatryggingin inn hjá þeim sem fóru heim?

Ragnar svarar: Erfitt að svara fyrir ferðatryggingar hvers og eins, þær eru mismunandi. En sumar hverjar geta gripið svona aðstæður en það er svo erfitt að segja hvernig ferðatryggingarnar virka.

Katrín spryr: Af hverju voru þær ekki skoðaðar?

Ragnar svarar: Ég get ekki svarað því eins og stendur, þarf að kanna málið.

Katrín: Hver er munurinn á sálfræðikostnaði sem var rukkaður fyrir og sá kostnaður sem var ekki rukkaður fyrir?

Harpa svarar: Sálfræðikostnaðurinn sem er þarna inni er viðbragð Líf og Sál (leiðrétt: stofa er Domus Mentis) og þær sáu um viðrunarviðbrögð við foringja og IST og mátu hversu mikla aðstoð þau þyrftu eftir mótið. Eftir fundinn með þeim var skrifuð skýrsla sem rökstyður nánari sálfræðiaðstoð þáttakenda eftir mótið.

Fundarstjóra barst athugun frá Dagbjörtru Mosverja:

Dagbjört setur athugun við það að einn fararstjóri sé félagsforingi og að aðilar séu frammi á fundinum sem hún telji að hún sé að eiga í samskiptum við. Eva María segist svo ekki vera heldur sé viðvörunarkerfið í vinnunni hennar að fara á og hún sé að reyna að laga það.

Árbúar segjast ætla að sitja hjá ef til atkvæða kemur. Fundurinn samþykkir með lófaklappi.

Jón Þór biður fundinn um fyrirspurnir eða umræðum um hvort viðbótarkostnaðurinn sé launakostnaður:

Heiðabúar spryja:

Er hægt að sækja launakostnaðinn til ráðuneytisins?

Harpa svarar: Reynt var að sækja til ráðuneytisins en fékkst ekki.

Úlfur í Fossbúum segir: Mér finnst ögn kjánalegt að appelsínugula dótið sé ekki inn í heildarkostnaði. Fyrir þeim [Fossbúum] er mótið í mínum. (skýring: appelsínugul lína í fjárhagsáætlun sýndi kostnað BíS vegna ferðarinna sem hafði ekki verið bókað á ferðina)

Helgi Þór í Vogabúum segir fundinum að það sé mikilvægt að þetta sé ekki fordæmisgefandi fyrir framtíðina, heldur að við lærum af þessu fyrir næsta móti.

## Ályktanir fundarins

Er fundurinn sammála um að heildarkostnaðurinn sé 92,882,635 kr? Þar með talið heimferðir, umsýslukostnað bandalagsins o.fl.

Sammála: 8

Ósammála: 2

Ábending um að það sé sett fordæmi fyrir því að launakostnaður sem bætist ofan á geti verið bókfærður á mótið ef það er ekki búið að gera ráð fyrir honum.

Er búið að ræða að gefa þáttakendum endurgreiðslur í staðinn fyrir afslátt af landsmóti? Harpa svarar að afslátturinn sé meira sárabót en ekki endurgreiðsla.

Ægисbúar spyrja stjórn BÍS hvort það verði send út yfirlýsing frá stjórn BÍS um það sem er í gangi. Jón Þór nefnir að til þess sé þessi fundur til að aðstoða þau. Stjórn BÍS gefur sér fram á næsta mánudag þegar foreldrafundur verður haldinn og fá þá foreldrar þáttakanda svör af fundinum.

Hvaða félög telja að appelsínuguli kostnaðurinn sé hluti af kostnaði Alheimsmótsins?

Sammála:

Ósammála:

Fundurinn vildi að það kæmi fram að ef settur væri réttur launakostnaður inn í töluna þá gætu þau svarað og því umorðaði fundarstjóri spurninguna.

Ef launatalan sé miðuð við rétt hlutfall í vinnuframlagi, eru þið þá sammála að þetta sé hluti af kostnaði Alheimsmótsins?

Sammála: 10

Ósammála: 0

Athugasemd úr sal að fundurinn sem ráðgefandi samkoma fyrir stjórn BÍS, telji heppilegast að eitt verð ráði en ekki endurgreiðslur eða kostnaður sóttur til þáttakenda ef ferðin kemur út í mínus.

Spurning út sal sem var beint til skátafélaganna. Hvaða félög endurgreiðir mismun vegna félagsútilegu. Ekkert félag endurgreiðir, koma flest út í mínus og sækja ekki auka greiðslur frá þáttakendum.

Niðurstaða fundarins er að ekki sé afgangur úr ferðinni heldur sé hún í mínus upp á tæpar 4 milljónir.

Fundarstjóri spyr hvaða félög eru sammála um að það eigi að kynna eitt verð sem stendur.

Sammála: 12

Ósammála:

Öll félög eru samþykk því að BÍS eigi að auglýsa eitt verð sem standi sama hvort ferðin komi í mínu eða plús.

Telur fundurinn að það eigi að endurgreiða/rukka aukalega fyrir þessa ferð sem var farin til Suður Kóreu?

Sammála:

Ósammála: 11

Fundarstjóri ber undir fundinn hvort þau vilji skrifa ályktun frá fundinum sem var samþykkt og þrífulltrúar félaganna fengnir til að skrifa ályktunina. Aðilarnir voru úr Ægisbúum, Skjöldungum og Hraunbúum.

Ályktun lesin upp fyrir fundinn og borin til atkvæða.

Sammála: 11

Ósammála:

Ályktun telst samþykk og fær framkvæmdarstjóri það hlutverk að fara yfir stafsetningu.

Helgi Þór í Vogabúum óskar eftir að bæta við dagskrálið um að lesa upp sáttarmiðlun. Fundarstjóri fær fundinn til að kjósa um dagskrábreytingu.

Sammála: 11

Ósammála:

Helgi Þór leggur til við fundinn, að í stað ályktunarinnar verði farið í sáttargreiðslur upp á 10.-12.000 kr fyrir þátttakendur, sem gæti þá verið til dæmis inneign í skátabúðinni. Helgi stingur upp á þessu svo allir geti labbað sáttir frá borði og haldið virðingu sinni. Ábending úr sal að það sé búið að gera með því að bjóða afslátt af landsmóti. Helgi bætir við að þetta eigi að koma frá félagsforingjafundi.

Jón Þór tekur við umræðum og beinir spurningunni til Sævars um hvort BÍS eigi efni á þessu.

Sævar tekur til máls. Hann segir að við þurfum að finna lausn á þessu máli þannig öll séu sátt, en spyr hvort það myndi leysa málið.

Umræður:

**Heiðabúar:** Katrín. Varðandi það að borga til baka. Fyrst sem foreldri, ég gerði aldrei ráð fyrir að fá peninginn tiltaka. En ef það á að borga eitthvað tiltaka þá þarf það að gilda fyrir öll börnin. Það eru nokkur börn sem ætla ekki á Landsmót og ekki sanngjarnt að þau fái ekki neitt.

**Ægisbúar:** Tryggi – sér ekki að fólk ætti að verða sátt eftir að hafa borgað 700.000 kr og fá 10.000 kr til baka.

**Fossbúar:** Úlfur bendir á að við vorum að samþykkja að við værum í mínum og að 10.000 kr myndu bæta lítið.

Tillaga borin til atkvæða:

Sammála: 3

Sitja hjá:

Ósammála: 9

Fundi slitið kl 22:40.

#### Mætingaskrá fundar

#### Í persónu:

Haukur Friðriksson	Ægisbúar
Tryggi Skarphéðinsson	Ægisbúar
Steinn Elliði Pétursson	Ægisbúar
Rakel Sif Magnúsdóttir	Ægisbúar
Eva María Sigurbjörnsdóttir	Árbúar
Daði Már Gunnarsson	Árbúar
Arney Sif Ólafsdóttir	Fossbúar
Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir	Fossbúar
Úlfur Kvaran	Fossbúar
Reynir Tómas Reynisson	Garðbúar
Aldís Líf Vigfúsdóttir	Garðbúar
Aníta Ósk Sæmundsdóttir	Heiðabúar
Katrín Auðbjörg Aðalsteinsdóttir	Heiðabúar
Bjarni Freyr Þórðarson	Hraunbúar
Vilhjálmur Þór Sigurjónsson	Hraunbúar
Ásrún Jóhannesdóttir	Hraunbúar
Hulda María Valgeirsdóttir	Landnemar
Védís Helgadóttir	Landnemar
Arnlaugur Guðmundsson	Landnemar

Dagbjört Brynjarsdóttir	Mosverjar
Ísak Árni Eiríksson Hjartar	Mosverjar
Aron Gauti Sigurðarson	Skjöldungar
Magrét Unnur Rögnvaldsdóttir	Skjöldungar
Sjöfn Ingvarsdóttir	Strókur
Sigríður Jóhannesdóttir Danner	Strókur
Urður Björg Gísladóttir	Vífill
Valdís Huld Jónsdóttir	Vífill
Helgi Þór Guðmundsson	Vogabúar
Róbert Örn Albertsson	Vogabúar
Ragnar Karl Jóhannsson	Vogabúar
Harpa Ósk Valgeirs dóttir	BÍS
Sævar	BÍS
Unnur Líf	BÍS
Davíð	BÍS
Ragnar	BÍS
Halldóra	BÍS
Kolbrún Ósk	Skátamiðstöðin
Auður Sesselja	BÍS
Jón Þór Gunnarsson	Fundarstjóri
Hulda Hlynsson	Vífla

**Netinu:**

Jóhann Gunnar Malmquist	Klakkur - þarf að fara áður en fundi lýkur
Andrea Dagbjört Pálsdóttir	Mosverjar
Guðrún Stefánsdóttir	BÍS
Þórdís Hrönn Halldórsdóttir	Klakkur – þarf að fara áður en fundi lýkur
Anna Margrét Tómasdóttir	Akranes
Halldór Valberg	Svanir

Hluta fundar sitja Guðjón Rúnar Sveinsson og Eva Íris Eyjólfssdóttir fararstjórar